

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarráðs Akraneskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar sem haldinn var þann 2. júlí 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit.

Breytingin felst m.a. í að á lóðinni númer 93 við Suðurgötu er byggingarreit og byggingarskilmálum breytt. Heimilt verður að reisa hús á tveimur hæðum auk rishæðar. Hámarkshæð húss yfir gólfplötu má vera 9,4 m og veggja langhliða 6,2 m yfir gólfplötu. Heimilt verður að reisa svalir 1,6 m á breidd út frá húsi og út fyrir byggingarreit. Einnig verða leyfð sex bílastæði innan lóðar. Nýtingarhlutfall verður 0,8 í stað 0,75.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 29. júlí 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.